



## FJÖLMÍÐLANEFND

18. nóvember 2013  
Ákvörðun nr. 3/2013

### Erlent myndefni á Omega án íslensks tals eða texta

#### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Fjölmiðlanefnd ákvað, að fenginni ábendingu, á grundvelli 4. másl. 1. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011, að taka til athugunar hvort Kristniboðskirkjan Omega hefði brotið gegn ákvæði 2. mgr. 29. gr. laganna með því að hafa dagana 15.-20. ágúst 2013 sent út erlent myndefni án íslensks tals eða texta.

Af því tilefni óskaði fjölmiðlanefnd, með bréfi dags. 30. september 2013, eftir stafrænu afriti af allri útsendri dagskrá á sjónvarpsstöðinni Omega frá 15.-20. ágúst 2013 að báðum dögum meðtöldum, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga um fjölmiðla. Þess var óskað að stafrænt afrit bærist nefndinni eigi síðar en 8. október sama ár.

##### 2.

Í svarbréfi Kristniboðskirkjunnar Omega dags. 9. október 2013, kemur fram að Kristniboðskirkjan Omega geymi gögn á þann hátt að til sé eintak af öllum þáttum sem hafa farið í loftið, 18 mánuði aftur í tímann og því geti reynst tímafrekt að samkeyra með texta þá erlendu þætti sem fóru í loftið dagana 15.-20. ágúst sl. Sumarafleysingamaður hafi tjáð þeim að hann hefði lent í einhverjum erfiðleikum með tækjabúnaðinn. Fram til þessa hafi textunartæki virkað þannig að keyra þurfi mynd og texta samhliða í útsendingu og hafi það stundum komið fyrir að samskiptavilla komi upp á milli þessara tækja, sem sé einmitt það sem gerðist þessa tilteknu daga.

Í bréfinu kemur einnig fram að allir erlendir þættir sem séu sýndir hafi verið textaðir yfir á íslensku og þeir þættir sem fóru textalausir í loftið 15.-20. ágúst hafi verið endursýndir með texta á öðrum tímum. Á næstu vikum verði tekin í notkun ný tegund af textabúnaði sem muni gera þeim kleift að brenna texta inn á þætti þannig að þessar samskiptavillur verði ekki lengur til þess að valda textaleysi, þ.e. á þáttum sem textaðir verða eftir að tæki hafi verið tekin í notkun.



## FJÖLMÍÐLANEFND

### II.

#### Niðurstaða

##### 1.

Samkvæmt 1. másl. 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 skal hljóð- og myndefni á erlendu máli, hvort heldur sem því er miðlað í línulegri dagskrá eða eftir pöntun, jafnan fylgja tal eða texti á íslensku eftir því sem við á hverju sinni. Samkvæmt 2. másl. 2. mgr. 29. gr. laganna á þetta þó ekki við þegar fluttir eru erlendir söngtextar eða þegar dreift er viðstöðulaust um gervitungl og móttökustöð fréttum eða fréttatengdu efni sem sýnir að verulegu leyti atburði sem gerast í sömu andrá. Við þær aðstæður skal fjölmiðlaveita, eftir því sem kostur er, láta fylgja endursögn eða kynningu á íslensku á þeim atburðum sem orðið hafa, sbr. 3. másl. 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla. Frá skyldunni í 1. másl. 2. mgr. 29. gr. eru jafnframt gerðar þær undantekningar í 3. mgr. 29. gr. að ákvæði 2. mgr. eigi ekki við um viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár erlendra sjónvarpsstöðva og þegar viðkomandi hljóð- eða myndmiðill er starfræktur á öðru tungumáli en íslensku samkvæmt 1. mgr. 29. gr. Samkvæmt ákvæði 29. gr. skal því íslensk þýðing fylgja hljóð- og myndefni á erlendu máli nema undantekningar þær sem fram koma í 2. og 3. mgr. 29. gr. eigi við.

Fjölmiðlanefnd barst ekki afrit af útsendingu dagana 15.-20. ágúst sl. en fram kemur í bréfi Kristniboðskirkjunnar Omega að afrit af þáttunum séu þó fyrir hendi. Fjölmiðlanefnd gat því ekki sannreynt hvort texti hefði fylgt því erlenda efni sem sýnt var tilgreinda daga. Kristniboðskirkjan Omega viðurkennir þó í bréfi sínu til fjölmiðlanefndar að dagana 15.-20. ágúst sl. hafi verið sýndir erlendir þættir án texta á íslensku. Ekki er um það að ræða í þessum tilvikum að undantekningar í 2. mgr. 29. gr. fjölmiðlalaga eigi við enda er um að ræða erlenda þætti samkvæmt upplýsingum frá Kristniboðskirkjunni Omega. Þá eiga undantekningarnar í 3. mgr. 29. gr. ekki heldur við en sjónvarpsstöðin Omega er ekki fjölmiðill sem starfræktur er á öðru tungumáli en íslensku né var um viðstöðulaust, óstytt og óbreytt endurvarp heildardagskrár sjónvarpsstöðvar.

##### 2.

Það er niðurstaða fjölmiðlanefndar að Kristniboðskirkjan Omega hafi brotið gegn 1. másl. 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með sýningu á erlendu efni á sjónvarpsstöðinni Omega dagana 15.-20. ágúst án íslensks texta.

Samkvæmt i-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur fjölmiðlanefnd stjórnvaldssekt á fjölmiðlaveitu sé brotið gegn ákvæði 29. gr. um tal og texta á íslensku. Þó má falla frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 5. mgr. 54. gr. laganna.

Í bréfi dags. 9. október sl. viðurkenndi Kristniboðskirkjan Omega að hafa sent út erlenda



## FJÖLMIDLANEFND

þætti án tals og texta dagana 15.-20. október 2013. Samkvæmt upplýsingum Kristniboðskirkjunnar Omega má rekja brotið til svokallaðrar samskiptavillu á milli tækja. Jafnframt kom þar fram að fyrirhugað væri að taka í notkun nýja tegund af textabúnaði á næstu vikum þannig að slíkar samskiptavillur muni ekki lengur valda textaleysi. Eftir atvikum og með vísan til 5. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla hefur fjölmiðlanefnd því ákveðið að falla frá sektarákvörðun í málinu.

### III.

#### Ákvörðunarorð

**„Kristniboðskirkjan Omega braut gegn 2. mgr. 29. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með sýningu erlends myndefnis án íslensks tals eða texta á Omega dagana 15.-20. ágúst 2013.“**

Karl Axelsson

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Arna Schram

Hulda Árnadóttir

Þorgerður Erlendsdóttir